

Mál nr. 480/2024.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. desember 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V1, dags 10. janúar 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Kaupfélagið/Krambúðina á Húsavík 15. nóvember 2024, milli bifreiðarinnar A sem er í eigu M og vátryggð hjá V1 og bifreiðarinnar B sem er vátryggð hjá V2. Samkvæmt tjónstilkynningu kom lögregla á vettvang en lögregluskýrsla hefur þó ekki verið lögð fram sem gagn vegna þessa málskots. Atvik málsins koma fram í einhliða frásögnum ökumanns A annars vegar og ökumanns B hins vegar. Í framburði ökumanns A kemur fram að hann hafi verið að keyra frá krambúðinni er bíll B hafi komið inn á bílaplanið og í veg fyrir bíl A. Vísar M til þess að á tjónaskýrslu komi hvergi fram að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og vísar til bremsufara á myndum. Ökumanni B hafi átt að vera ljóst að A var í gangi. A telur sig hafa verið í rétti sbr. 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem kveðið er á um forgang umferðar sem er ökumanni á hægri hönd. Í framburði ökumanns B segir að hann hafi verið að keyra inn á planið vinstra megin við Kaupfélagið og ætlað að leggja til að fara inn í apótekið. Ökumaður B segist hafa séð kyrrstæðan vörubíl á planinu, enga opna hurð, engan bílstjóra við hann eða á leið inn í hann. Hann hafi því ætlað að keyra á milli hans og annars bíls til að leggja í stæði hinum megin við vörubílinn. Ökumaður B segist hafa verið að keyra á sirka 10 km/klst og hann hafi passað að það væri nægt pláss báðum megin. Þegar ökumaður B hafi verið að keyra á milli, þá hafi vörubíllinn farið af stað og á bílinn hans. Ökumaður B telur sig vera í rétti þar sem ökumaður A hafi verið kyrrstæður og keyrt svo á sig.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála niðurstöðu tjónanefndar en V1 er sammála niðurstöðunni og vísar til þess að A hafi verið ekið úr kyrrstöðu sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að áður en ökumaður ekur af stað frá vegbrún skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Afstöðumynd á tjónstilkynningu styðji þá niðurstöðu. Rök hafi verið færð fyrir því hjá Tjónanefnd að ökumaður bifreiðarinnar A hefði átt að gæta að annarri umferð áður en ekið var af stað úr kyrrstöðu frá vegbrún Krambúðarinnar. Ákvæði 4. mgr. 26. gr. eigi ekki við þar sem ökuleiðir séu ekki að skerast í skilningi ákvæðisins.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að áður en ökumaður ekur af stað frá vegbrún skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Tjónaskýrsla er óskýr en þó virðist sem báðir ökumenn hafi hakað við dálk nr. 2 sem lýsir akstri úr kyrrstöðu frá gangstétt eða vegarkanti en til viðbótar er hakað við dálk nr. 5 hjá ökumanni B sem segir að hann hafi ekið inn á bílastæði. Afstöðumynd sýnir með nokkuð skýrum hætti að ökutæki A hafi verið lagt upp við Krambúðina/Kaupfélagið með afturhlið við Krambúðina/Kaupfélagið. Í tjónstilkynningu kemur fram að lögregla hafi komið á vettvang en lögregluskýrsla hefur ekki verið lögð fram í málinu. Myndir af ákomum á ökutækjum styðja við afstöðumynd á tilkynningu. Af öllu framangreindu virtu verður ekki ráðið að árekstur megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekki virt forgangsreglu 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga enda erfitt að sjá að hún eigi við í þessu tilviki. Þvert á móti telur nefndin að ökumaður A hafi ekki gætt nægjanlega að annarri umferð áður en ekið var úr kyrrstöðu. Ber ökumaður A því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir